



„Ég ætla ekki að láta þetta foreldri stjórna hvernig ég kenni“: Starfsaðstæður kennara sem sinna hinsegin fræðslu

Anna Mae Cathcart-Jones, Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast innsýn í upplifanir kennara sem sinna hinsegin fræðslu gagnvart hinsegin bakslagi og hvort og þá hvernig það birtist þeim innan veggja skólans. Rannsóknin er eigindleg og aflað var gagna í gegnum fimm einstaklingsviðtöl og skrifleg svör 39 þátttakenda í eigindlegri spurningakönnun. Allir þátttakendur starfa í grunn- eða framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og sinna hinsegin fræðslu að einhverju leyti á sínum starfsvettvangi. Þreifað er á hugmyndum þátttakenda um bakslag gegn hinsegin réttindum sem hefur verið nokkuð sýnilegt hérlandis. Niðurstöður benda til þess að fræðslan virðist einungis á ábyrgð ákveðinna einstaklinga, sem hamla faglegu starfi upp að vissu marki. Í viðtölunum kom í ljós að viðmælendur upplifðu það sem svo að starfsfólk fríaði sig almennt ábyrgð og ætlaðist til þess að aðrir sæju til þess að fræðslunni væri sinnt.

Niðurstöður sýna að bakslagið birtist innan veggja skólanna, en samt sem áður er hinsegin fræðsla oftast ómarkviss eða sjaldgæf. Viðmælendur merkja aukna niðrandi orðræðu meðal nemenda sem kallar á meiri hinsegin fræðslu en einnig upplifir starfsfólk meiri viðspyrnu gegn slíkri fræðslu frá foreldrum og aðstandendum nemenda. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa tilefni til frekara inngríps bæði frá stjórnvöldum og skólastjórnendum til að tryggja inngildingu á öllum skólastigum.

Efnisorð: hinsegin fræðsla, grunnskólar, framhaldsskólar, kennarar, hinsegin, starfsaðstæður

Inngangur

Rannsóknir, bæði erlendar og innlendar, hafa sýnt að nokkuð skortir á að skólar séu öruggt umhverfi fyrir hinsegin nemendur. Niðurstöður úr íslenskri könnun á líðan hinsegin nemenda í íslensku skólakerfi leiddu í ljós að þriðjungur þeirra, sem tóku þátt, upplifði óöryggi í skólanum vegna eigin hinseginleika. Þriðjungur hafði verið áreittur munnlega og 12,6% líkamlega vegna kynhneigðar (Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020). Rannsókn Berglindar Gísladóttur o.fl. (2018) gaf til kynna að 16–20 ára nemendur sem voru ekki gagnkynhneigðir reyndust mun líklegri en gagnkynhneigðir nemendur til að sýna einkenni depurðar, kvíða og streitu. Rannsóknir hafa einnig sýnt að áreitni sem hinsegin nemendur upplifa getur leitt til lélegrar sjálfsmyndar, sjálfsskaða, þunglyndis eða, í verstu tilfellum, sjálfsvígs (Berglind Gísladóttir o.fl., 2018; Odenbring, 2021; Rannveig Sigurvinsdóttir o.fl., 2024; Swanson og Gettinger, 2016; Tompkins o.fl., 2017). Þessar niðurstöður staðfesta þörfina á inngrípi og breytingum innan skólakerfisins þar sem markvisst er tekið mið af þessum veruleika hinsegin nemenda.

Á undanförunum misserum hefur orðið vart við bakslag í hinsegin málefnum hérlandis og erlendis. Með bakslaginu er átt við óvægna umræðu um tilvistarrétt hinsegin fólks, einkum trans fólks, en erlendis birtist það einnig í skerðingu á réttindum hinsegin fólks og lagalegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir hinsegin fræðslu meðal barna og unglinga. Þótt bein réttindaskerðing hafi ekki átt sér stað á Íslandi hefur áróður annars staðar frá, meðal annars frá Bandaríkjunum og Bretlandi, sannarlega haft áhrif. Meðal annars hafa verið stofnuð samtök sem beita sér markvisst gegn fræðslu um hinsegin málefni til barna og ýta undir þá orðræðu að hinsegin fólks sé hættulegt öðru fólki, sérstaklega börnum. Jafnframt halda þau því fram að trans fólk ógni konum, íþróttaiðkun kvenna og stöðu homma og lesbía, svo dæmi séu tekin. Í umræðunni hafa þau sem styðja við réttindabaráttu hinsegin fólks einnig verið máluð upp sem barnaníðingar. Slík umræða getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, meðal annars líkamlegt ofbeldi og ógn við öryggi hinsegin fólks í samfélaginu (Þorbjörg Þorvaldsdóttir, 2023).

Ljóst er að margt starfsfólk skóla leggur sig fram við að skapa öruggt umhverfi fyrir hinsegin nemendur með ýmsum hætti. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast innsýn í upplifanir þessara kennara gagnvart hinsegin bakslagi og hvort og þá hvernig það birtist þeim innan veggja skólans. Eins og rakið var hér að framan er hætta á að hinsegin nemendur upplifi skóla sem óöruggan stað þar sem áreitni og ofbeldi í þeirra garð á sér mest stað á skólatíma og skólalóð (Odenbring, 2021; Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020). Því beinum við athygli að upplifunum og reynslu þess starfsfólks sem tekur að sér hinsegin fræðslu, óháð því hvort fræðslan sé hluti af lífsleikni, kynfræðslu, öðrum fögum eða með öðrum hætti. Við framkvæmd rannsóknarinnar studdumst við við eina rannsóknarspurningu og tvær undirspurningar:

- Hver er upplifun kennara sem sinna hinsegin fræðslu af hinsegin bakslagi?
 - Hver er staða hinsegin fræðslu innan skólanna?
 - Hver eru helstu áhrif bakslagsins á starfsumhverfi kennara?

Leitað er svara við þessum rannsóknarspurningum með eigindlegri aðferð, bæði viðtölum og eigindlegum spurningalista og niðurstöðurnar settar í samhengi við markmið aðalnámskrár, stöðu hinsegin nemenda í skólum og eflingu íhaldshreyfingar í kynjamálefnum.

Líðan hinsegin ungmenna í skólum

Íslenskar rannsóknir á námsumhverfi og líðan hinsegin nemenda sýna að þeim líður verr í skóla heldur en nemendum sem eru ekki hinsegin. Rannsókn sem unnin var af Samtökunum '78 meðal hinsegin nemenda sýndi að þriðjungur svarenda upplifði skólann sem óöruggan stað (Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020). Rúm 45% svarenda sögðu einnig að kennarar eða annað starfsfólk gripi ekki inn í þegar niðrandi orðfæri væri notað um hinsegin fólk í þeirra viðurvist. Þá gefa niðurstöður rannsóknar Berglindar Gísladóttur o.fl. (2018) til kynna að kynhneigð ungmenna segi til um hversu vel þeim líði í skólanum. Þeim sem eru ekki gagnkynhneigð líður mun verr en gagnkynhneigðum jafnöldrum þeirra. Rannsókn Rannveigar Sigurvinsdóttur o.fl. (2024) sýnir jafnframt að ungmenni sem ekki eru gagnkynhneigð eru í hættu á sjálfsskaðahegðun. Þessar niðurstöður eru mikið áhyggjuefni, sérstaklega þar sem bæld reiði og slæm andleg líðan getur leitt til frekari erfiðleika á fullorðinsárum (Kerr og Schneider, 2008). Því þykir sérstaklega mikilvægt að koma til móts við og styðja við þennan hóp (Berglind Gísladóttir o.fl., 2018). Rannsóknir Berglindar o.fl. (2018) og Rannveigar o.fl. (2024) fjölluðu ekki um andlega líðan trans barna og ungmenna en neikvæð umræða í garð hinsegin fólks beinist í miklum mæli gegn þeim hópi eins og rætt er nánar hér á eftir.

Ef við horfum til framhaldsskólanna, þá greindu viðmælendur Jóns Ingvars Kjaran og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2010) frá því að þeim líði almennt vel í skólanum, upplifðu sig örugga og margir hverjir tóku þátt í félagslífi og nemendastarfi skólans. Þó reyndist vera almennt samþykkt að þar ríkti gagnkynhneigðarhyggja og ríkjandi viðmið voru gagnkynhneigð. Með því er átt við að gagnkynhneigð sýn og viðmið séu svo ríkjandi í viðkomandi stofnunum að hinsegin fólk upplifi sig að einhverju

leyti utangarðs og líði fyrir það. Viðmælendur upplifðu einnig skyldubundna gagnkynhneigð bæði á félagsviðburðum á vegum nemendafélagsins sem og innan skólafunnar. Það fór einnig eftir því við hvaða framhaldsskóla viðmælandi stundaði nám hversu jákvæð eða neikvæð reynslan var.

Mikilvægt er að skoða nánar stöðu trans nemenda í skólakerfinu en hún hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð hérlandis. Ef við horfum á erlendar rannsóknir má sjá í niðurstöðum rannsóknar Pina o.fl. (2021) frá Spáni að trans stelpur, samkynhneigðir strákar og nemendur utan kynjatvíhyggjunnar eru útsett fyrir einelti, ofbeldi og áreitni. Niðurstöður rannsóknar frá Perú sýndu að trans konur og samkynhneigðir karlar höfðu upplifað einelti og áreitni í skólanum sem börn. Báðir hópar greindu frá líkamlegu einelti annars vegar og hins vegar upplifðu trans konur kynferðislega áreitni og einelti á skólagöngu, meðal annars káf og klíp af hálfu samnemenda sinna (Juárez-Chávez o.fl., 2021).

Jafnréttisfræðsla í skólum

Bæði lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) og aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) kveða skýrt á um að fræða skuli um hinsegin málefni á öllum skólastigum hérlandis. Jafnréttismenntun hefur þó ekki hlotið fastan sess í stundatöflu þrátt fyrir þessi ákvæði. Það virðist því ríkja ósamræmi í lögum og stefnumótun innan skólakerfisins. Þar að auki er óljóst hver beri ábyrgð á fræðslunni og því er hætt á að hún gleymist eða sé stefnulaus og ómarkviss (Reykjavíkurborg, 2021). Nokkrar ástæður geta legið að baki þessu stefnuleysi. Í grein Guðnýjar S. Guðbjörnsdóttur og Þórdísar Þórðardóttur (2016) kemur fram að á Norðurlöndum þykir umræðan um kyn (e. sex) og kyngervi (e. gender) óviðeigandi og of pólitísk. Hún samræmist því ekki fagvitund kennara og telst jafnvel sem aukavinna ofan á vinnuálag sem er til staðar fyrir. Í grein Írisar Bjarkar Eysteinsdóttur og Írisar Ellenberger (væntanleg) kemur fram að skólalærdagurinn í Kópavogi, þar sem rannsókn þeirra fór fram, eru jákvæðir í garð hinsegin fólks en á sama tíma skortir stefnumótun og verkferla til þess að skólamenning og kennsluhættir séu raunverulega inngildandi fyrir hinsegin nemendur. Hinsegin andúð er til staðar innan skólanna en stjórnendur skortir færar leiðir til að vinna gegn henni, hvort heldur sem er með forvörnum eða með því að taka markvisst á þeim atvikum sem upp koma.

Úrval af hinsegin fræðslu fyrir kennaranema og í endurmenntun hefur batnað á undanförunum árum, meðal annars með tilkomu valkvæðra námskeiða við Háskóla Íslands sem fjalla um hinsegin málefni í uppeldi og skólum. Má þar til dæmis nefna námskeiðið SFG004M Hinsegin menntunarfræði sem kennt er annað hvert vormisseri og um 70 nemendur sitja að jafnaði. Einnig hið nýja námskeið UME204M Trans börn og samfélag sem kennt er í fyrsta sinn vormisseri 2025. Við Háskóla Íslands, þar sem höfundar þessarar greinar hafa numið eða starfað, vitum við einnig til þess að á sumum námsleiðum eru hinsegin málefni fléttuð saman við önnur efni í skyldunámskeiðum. Það er þó fyrst haustið 2025 sem komið verður á skyldunámskeiði fyrir flesta kennaranema sem meðal annars þjálfar þá í að byggja upp hinseginvænt skólaumhverfi og skólamenningu. Í skýrslu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur (2021) kemur fram að við innleiðingu kynja- og hinsegin fræða í skólum þurfi að huga að því að hún sé með fjölbreyttum hætti á öllum skólastigum með öllum aldurshópum. Til þess að slíkt geti borið árangur þarfnast starfsfólk fræðslu, aukinnar þekkingar á efninu og stuðnings til að geta kennt og innleitt alhliða jafnréttisfræðslu (Reykjavíkurborg, 2021). Wargo og Smith (2023) hafa einmitt sýnt fram á að kennarar eiga erfitt með að fjalla um hinsegin málefni eða sýna hinsegin nemendum stuðning og telja að það megi að hluta til rekja til skorts á orðaforða eða fræðilegri þekkingu.

Í rannsókn Sólveigar Rósar Másdóttur (2015) kom fram hjá nemendum að málefni trans og intersex fólks (fólks með ódæmigerð kyneinkenni) væru lítið sem ekkert til umræðu í kynfræðslu hérlandis. Þrátt fyrir að meiri meðvitund sé um samkynhneigð og tvíkynhneigð ríki enn þögn í kringum aðrar kynvitundir og ódæmigerð kyneinkenni (Sólveig Rós Másdóttir, 2015). Einnig skorti hinsegin fyrirmyndir sem styrki sjálfsmynd og vitund um kynhneigð, en það geti leitt til þess að hinsegin ungmenni átti sig síður á eigin hinseginleika (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir

Jóhannesson, 2010). Ósýnileiki hinseginleika innan skólanna ýtir því undir þöggun og þvingaða gagnkynhneigð, sem gerir hinsegin ungmennum erfitt fyrir að stíga fram sem hinsegin einstaklingar. Þvinguð gagnkynhneigð vísar til þess að í gegnum uppeldi og ríkjandi orðræðu er okkur „kennd“ gagnkynhneigð (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010) og aðrar kynhneigðir eru því taldar óeðlilegar eða jafnvel óæskilegar.

Mikilvægt er hér að benda á öfluga fræðslustarfsemi Samtakanna '78 og Reykjavíkurborgar. Í ársskýrslu Samtakanna '78 árið 2023–2024 kemur fram að samtökin eru með fræðslusamninga við ríkið og 16 sveitarfélög um fræðslu til starfsfólks og nemenda grunnskóla, stjórnenda, leiksskólastarfsfólks, félags- og frístundamiðstöðva og þjálfara íþróttafélaga. Einnig veita samtökin svokallaða hinseginvottun sem er hliðstæð regnbogavottun Reykjavíkurborgar sem tryggir grunnfræðslu til allra starfsmanna og aðstoðar við innleiðingu starfsstefnu sem bæði nefnir hinsegin fólk og tryggir réttindi þeirra (Reykjavíkurborg e.d.; Samtökin '78, e.d.). Þó ekki séu til upplýsingar um með hvaða hætti fræðslan nýtist í innra starfi skólanna má ætla að hún vinni gegn þvingaðri gagnkynhneigð og annarri jaðarsetningu hinsegin fólks innan þeirra.

Alþjóðleg hreyfing gegn mannréttindum

Þrátt fyrir aukna fræðslu og meðvitund um hinsegin málefni hefur borið á bakslagi á allra síðustu árum. Alþjóðlegar hreyfingar sem nota nýjar aðferðir til að vinna gegn kynjajafnrétti og fjölbreytileika hafa náð til Íslands. Þær nota svipaða orðræðu og aðgerðir um allan heim til að stuðla að og vernda gagnkynhneigt feðraveldissamfélag (McEwen og Narayanaswamy, 2023). Þessar hreyfingar gegn félagslegu kyni (e. anti-gender movements) hafa rutt sér til rúms í fjölmörgum ríkjum heims, til dæmis í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Bretlandi og á Spáni (Equal Rights Coalition, 2022).

Með auknum sýnileika trans fólks í nútímasamfélagi hafa hreyfingar gegn félagslegu kyni beint spjótum sínum grimmt gegn því. Trans fólk er því skotmark hreyfingarinnar, sem einkennist af mikilli sishyggju (e. cis-sexism), þ.e. kerfi hugmynda sem undirskipar trans fólk á ýmsan hátt (Hinsegin frá Ö til A, e.d.). Bakslagið má því rekja til þverþjóðlegrar hreyfingar sem beitir sér fyrst og fremst gegn réttindum trans fólks en hefur þó einnig verið þekkt fyrir að snúa sér að öðru hinsegin fólki ef tækifæri gefst. Barist hefur verið til dæmis gegn þátttöku intersex kvenna í kvennaíþróttum á þeim forsendum að þær séu ekki konur (Kristinn H. Guðnason, 2024). Einkennandi fyrir orðræðuna er markviss notkun á líffræðihugtökum sem klædd eru í vísindalegan búning til að réttlæta andúð gegn trans fólki, tilvist þess og réttindum. Slíkar hreyfingar eiga stundum stuðningsaðila innan ríkisstjórna, löggjafarþinga og trúarlegra samtaka. Markmiðið er að afbyggja hugmyndir um félagslegt kyn og einskorða hugmyndir okkar við líffræðilegt kyn. Þannig er umræðan afvegaleidd, þá sérstaklega á samfélagsmiðlum, þar sem fólk viðrar hugmyndir sínar og byggir þær á fölskum vísindum (e. pseudo science) (Engebretsen, 2022).

Hreyfingar gegn félagslegu kyni hafa verið mjög virkar og sýnilegar í Bretlandi síðasta áratuginn. Samkvæmt skýrslu Global Action for Trans Equity (GATE, 2022) eru hægrisinnuðir hópar í breskri menningu og stjórnámálum drifkraftur hreyfingarinnar, þótt jaðarhópar samkynhneigðra og femínista sem aðhyllast þessi sjónarmið taki einnig þátt. Hinir hægrisinnuðu hópar hafa sterk alþjóðleg tengsl í gegnum miðla, stjórnámál og aðra íhaldshópa yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna (GATE, 2022).

Ef við skoðum áhrif slíkrar hreyfingar á skólakerfi má finna ófá dæmi um aðför gegn hinsegin kennurum, öðru starfsfólki og nemendum. Á síðustu árum hafa fleiri lög, sem beinast að því að draga úr réttindum hinsegin fólks, þá sérstaklega trans fólks, verið samþykkt í Bandaríkjunum. Til dæmis lög sem banna námsefni og alla fræðslu um kynhneigð, kynvitund og kyn upp að vissum aldri eða banna kennurum að nota þau fornöfn sem trans nemendur þeirra kjósa (National Education Association, e.d.). Þessi lög og reglugerðir skapa andrúmsloft innan skólanna sem byggir á siskynja og gagnkynhneigðum viðmiðum (e. cisnormativity, heteronormativity). Þau setja kennara jafnframt

í þá óhjákvæmilegu stöðu að líta undan og leyfa fordómum að þrífast innan skólanna (Jones, 2023).

Hugmyndafræði hreyfinga gegn félagslegu kyni hefur einnig orðið vart á Íslandi. Aukin hatursfull orðræða hefur verið áberandi á frétt- og samfélagsmiðlum og fleiri skemmdarverk eru framin á hinsegin táknum, t.d. regnbogafánnum eða -götum (Tómas Arnar Þorláksson, 2022). Í skólakerfinu birtist bakslagið í neikvæðri orðræðu meðal nemenda og afskiptum foreldra af hinsegin fræðslu. Einnig mættu fulltrúar frá Samtökunum 22, helsta málsvara hreyfinga gegn félagslegu kyni á Íslandi, í grunnskóla í Reykjavík, tóku upp myndskeið af starfsfólki og mótmæltu efni veggspjalda sem sneri að kynfræðslu og hinsegin fræðslu á göngum skólans (Bjarki Sigurðsson, 2023).

Þótt mörgu hafi verið ábótavant í íslenskum skólum varðandi hinsegin mál er ljóst af orðum viðmælenda okkar að með baksluginu kveður við nýjan og mun neikvæðari tón. Niðrandi viðhorf til hinsegin fólks hefur hlotið meiri hljómgrunn hjá nemendahópnum og neikvæð afskipti foreldra af hinsegin fræðslu aukist. Einnig eru kennarar í fyrsta sinn að lenda í beinum átökum við samtök sem kenna sig við hreyfingar gegn félagslegu kyni eða upplifa að þeir eða samstarfsfélagar séu teknir fyrir opinberlega af meðlimum hreyfingarinnar og vegið að starfsheiðri þeirra vegna þess að þeir eru hinsegin eða sinna hinsegin fræðslu. Með þessari rannsókn er vonast til að varpa ljósi á upplifanir kennara sem sinna hinsegin fræðslu á aðstæður innan skólanna vegna þessa nýja veruleika.

Aðferð

Gagna fyrir rannsóknina var aflað á haustmisseri 2023 með fimm hálfopnum einstaklingsviðtölum og 39 skriflegum svörum úr eigindlegri spurningakönnun. Í báðum tilfellum voru svörin frá kennurum á grunnskólum eða framhaldsskólastigi sem hafa sinnt hinsegin fræðslu í sínu starfi. Viðtölin og svörin úr spurningakönnuninni voru greind sem eitt heildstætt gagnasafn. Beitt var þemagreiningu (e. thematic analysis) við greiningu gagnanna en þar er fylgt eftirfarandi þrepum; afritun, fyrstu athugasemdir, kóðun, þemaleit, endurskoðun þemanna, þemu endurskilgreind og nefnd og að lokum er greining skrifuð niður (Braun og Clarke, 2013). Út frá kóðun gagnanna eru þemu smíðuð, oft á tíðum með rannsóknarspurningu til hliðsjónar, þar sem leitast er eftir því að svara henni. Í þessari rannsókn var rannsóknarspurning þróuð samhliða þemunum.

Þemagreining varð fyrir valinu þar sem leitast er eftir persónulegum upplifunum einstaklinga og reynt að rýna í mynstur á milli frásagna. Stuðst var við viðtalsramma í viðtölunum, en spurningum skipt upp í fjóra flokka. Meðal annars var spurt um tíðni hinsegin fræðslu innan skólanna, viðhorf og skólabrag skólanna gagnvart hinsegin inngildingu í skólastarfi sem og hugmyndir viðmælenda um hinsegin bakslag. Í spurningakönnuninni leituðumst við eftir að fá svör um viðhorf nemenda, samkennara og skólastjórnenda og áhrif þeirra á starfsumhverfi kennara. Hér má sjá tvö dæmi um spurningar úr könnuninni: „Þegar þú hugsar til baka þrjú ár aftur í tímann, hefur þú orðið vör/var/vart við hinsegin andúð eða óþægilegt andrúmsloft hjá nemendum þínum?“ og „Þegar þú hugsar til baka þrjú ár aftur í tímann, hefur þú orðið vör/var/vart við stuðning við hinsegin málefni/fólk meðal foreldra?“ Spurningakönnun hefur ákveðna kosti fram yfir viðtöl að því leytir að þar eru meiri líkur á að þátttakendur opni sig um viðkvæm og erfið málefni, enda auðveldara að gæta nafnleyndar þar sem þeir hitta rannsakendur aldrei. Auk þess veita eigindlegar kannarnir þátttakendum rými til þess að svara á sínum hraða og tíma til að endurskoða og umorða svör (Braun o.fl., 2020). Þá má einnig nefna að með þessari aðferð fæst meiri fjöldi svara og því meiri breidd í inntaki þeirra sem erfitt væri að ná fram með hefðbundnum viðtölum sem eru bæði tímafrek og kostnaðarsöm.

Þátttakendur

Fyrir þessa rannsókn var leitað eftir fagfólki sem sinnir hinsegin fræðslu að einhverju leyti, ýmist innan grunnskóla og/eða framhaldsskóla á Íslandi (markvisst úrtak). Fyrsti höfundur nálgadist viðmælendur og tók viðtölin. Leitað var eftir þátttakendum með auglýsingum á Facebook, til að mynda í hópum kennara þar, en einnig í gegnum persónulegt tengslanet fyrsta höfundar.

Viðmælendum var öllum gefið dulnefni en þau eru Lárus og Gréta, sem kenna á framhaldsskólastigi og Jóna, Eva og Helgi sem kenna á grunnskólastigi. Þau kenna öll á höfuðborgarsvæðinu. Fjögur þeirra af fimm eru gagnkynhneigð og öll eru þau sískynja (þ.e.a.s. ekki trans) en kynhneigð eins viðmælanda liggur ekki fyrir.

Þátttakendur sem svöruðu spurningalistanum gátu valið um þrjá aldursflokka; yngri en 30 ára, 30–50 ára og 51–71 árs, greint frá hinseginleika, hvaða skólastigi og hvar á landinu þeir kenna. Ekki var nauðsynlegt að fylla út upplýsingar um kyn, aldur eða landshluta og sjá má undir svörum einstakra þátttakenda hér á eftir að þar skorti þær upplýsingar. Einnig stóð til boða að sleppa spurningu ef viðkomandi vildi ekki svara. Alls tóku 61 einstaklingar þátt en notast var við svör 39 þátttakenda þar sem 22 þátttakendur svöruðu einungis þremur spurningum eða færri. Miðað við svörun frá þessum 39 þátttakendum eru átta þátttakendur karlkyns, 21 eru kvenkyns, einn er kynsegin og einn merkti við „annað“. Ellefu þátttakendur kenna í framhaldsskóla, fimm á miðstigi grunnskóla, einn á yngsta stigi grunnskóla og 15 á unglingastigi grunnskóla. 21 þátttakandi var hinsegin á einhvern hátt en 18 skilgreindu sig ekki sem hinsegin. Fimm þátttakendur voru yngri en 30 ára, 22 þátttakendur voru 30–50 ára og fimm 51–71 árs. Á Norðurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og á Vesturlandi kennir einn þátttakandi í grunnskóla frá hverju svæði, átta kenna utan Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu og ellefu kenna í Reykjavík. Einn framhaldsskólakennari kenndi á landsbyggðinni og níu í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Samanlagður orðafjöldi svaranna frá þátttakendum 39 er rúm 24.000 orð. Þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki og í spurningakönnuninni var engum persónurekjanlegum upplýsingum safnað¹.

Greining og umræður

Eins og áður sagði var markmið þessarar rannsóknar að skoða upplifanir kennara sem sinna hinsegin fræðslu gagnvart þessu bakslagi og hvort og þá hvernig það birtist í þeirra starfsumhverfi. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunni *Hvernig upplifir starfsfólk skóla hinsegin bakslagið?* og undirspurningunum *a) Hver er staða hinsegin fræðslunnar innan skólanna?* og *b) Hver eru helstu áhrif bakslagsins á starfsumhverfi skólanna?*

Eftirfarandi þemu voru mynduð út frá kóðunum:

- (1) Fólk upplifir sig hundsáð: Skortur á hinsegin námsefni og markvissri fræðslu
- (2) Hvíti gagnkynhneigði karlmaðurinn er aftur orðinn málið: Neikvæð orðræða meðal strákahópa
- (3) Ótti við viðbrögð foreldra: Hinsegin fræðslan er orðin kvíðavaldandi

Þema 1 – Fólk upplifir sig hundsáð: Skortur á hinsegin námsefni og markvissri fræðslu

Það fer ekki á milli mála að skólastarf getur verið lykilþáttur í forvörnum gegn jaðarsetningu minnihlutahópa og á að vera jöfnunartækifæri fyrir öll börn (Goldstein-Schultz, 2022; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Starfsfólk skóla þarf faglega þekkingu á jafnréttismálum, fleiri tækifæri til starfsþjálfunar og hrinda þarf af stað aðgerðum sem tryggja hinsegin nemendum aukinn sýnileika þvert á öll skólastig (Goldstein-Schultz, 2022). Aðalnámskrá og stjórnvöld hafa sætt gagnrýni vegna þess hvað hinsegin- og kynjajafnréttisfræðsla er ómarkviss og sjaldgæf. Í *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) er tekið fram að hinsegin fræði séu hluti af námi nemenda en það er hvergi tilgreint innan aðalnámskrár hversu markviss hún eigi að vera. Því er það undir kennurum og stjórnendum hvers skóla fyrir sig að útfæra efnið. Aðspurð hversu oft hinsegin fræðslu er sinnt svaraði Jóna:

¹ Vegna þess að starf Síðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir lá niðri um nokkurra mánaða skeið sumarið og haustið 2023 reyndist ekki unnt að fá umsögn frá henni við undirbúning þessarar rannsóknar.

Samkvæmt lögum getum við alveg tékkað í þessi box. Ég meina 80 mínútur einu sinni á ári, tékk. Komin með hinsegin fræðslu (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Samkvæmt Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur (Reykjavíkurborg, 2021) veldur þetta fyrirkomulag því að enginn ber ábyrgð á fræðslunni og að hún er sjaldgæf eða ómerkingarbær. Svör viðmælenda eru samhljóða þessari gagnrýni en þau nefna að hinseginfræðslan falli alltaf á herðar tiltekinna einstaklinga á meðan hinir halda sínu striki. Því er það undir örfáum kennurum komið að halda uppi hinsegin inngildingu í skólastarfi. Þetta er í samræmi við niðurstöður Írisar Bjarkar Eysteinsdóttur og Írisar Ellenberger (væntanleg) þar sem kemur fram að fræðsla um hinsegin málefni fer fram með ómarkvissum hætti og að ekki sé til staðar faglegur stuðningur við skóla um hinseginvænt námsumhverfi.

Upp til hópa sögðu viðmælendur meirihluta nemenda opin og móttækilegan fyrir hinsegin fræðslu. Eva tók sérstaklega fram að nemendur hennar væru duglegir að leiðrétta og gagnrýna neikvæða orðræðu frá öðrum nemendum. Helgi, sem kennir á grunnskólastigi, hefur bætt í fræðslu hjá sér og er núna með einn fastan tíma í viku tileinkaðan hinsegin- og kynfræðslu en því var komið á vegna ákalls nemenda um meiri fræðslu. Tilgangur fræðslunnar er margvíslegur, til dæmis að hjálpa nemendum að víkka sjóndeildarhringinn, fræða þau um fjölbreytileika mannkyns og inngildingu. Sömuleiðis snýst fræðslan að miklu leyti um fordóma og að reyna að minna á mennsku hinsegin einstaklinga. Lárus talaði um að nemendur hefðu litið á hinsegin samfélagið sem einhverjar goðsagnakenndar verur. Það hefði þó dregið úr slíkum líkingum þökk sé kennslu um hinsegin málefni og auknum sýnileika hinsegin fólks:

Nemendur litu á þetta sem bara að við værum að kenna um einhyrninga. Ég fór síðan að útskýra intersex og hérna hvernig það eru bara mörg börn sem fæðast bara með svona ódæmigerð kynfæri og þau áttu svolítið erfitt með að trúa þessu. Við þurfum ekki að hafa mikið fyrir því núna af því að það er bara fullt af fólki búið að stíga fram og þetta eru ekki lengur einhyrningar og goðsögulegar verur frá Forn-Grikkjum, sko (Lárus, kennari/leiðbeinandi í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Jóna, aðspurð hvers vegna hún tók að sér hinsegin fræðslu innan skólans, svaraði „af því að mér fannst það vanta“. Hún sagði einnig að fræðslan hefði ekki verið til staðar áður en hún hóf störf við skólann og að sama skapi hefði fræðslan svo gott sem ekkert þróast áfram, en fræðsla í skólanum hennar er einu sinni á ári, 80 mínútur í senn.

Aðspurð um námsefni fyrir hinsegin fræðslu voru flest viðmælenda sammála því að lítið sem ekkert væri til. Viðmælendur fara flest þá leið að púsla saman efni fyrir kennslu, sem þau ýmist finna á netinu, í stökum köflum námsbóka eða öðru útgefnu efni. Ekki er til handbók sem kennarar geti gengið að, og fyrir þennan „venjulega“ kennara sem veit ekkert hvar hann á að byrja eða er að kenna efnið í fyrsta skipti er svo gott sem ekkert til:

Þú þarft samt alveg að púsla þessu saman og fyrir kennara sem þekkja þetta og hafa áhuga á þessu þá væri þetta ekkert mál en ef ég væri kennari sem væri einhvern veginn sett í þetta ... myndi hafa litla þekkingu þá væri ég alveg í vandræðum sko. Ég held að ef við erum að tala um svona beint kennsluefni sem ég gæti labbað inn í framhaldsskólann með og rétt mínum nemendum þá er náttúrulega bara sama og ekkert til (Gréta, kennari/leiðbeinandi framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Það eru ekki ný tíðindi að málefni hinsegin fólks, sem og annarra jaðarhópa, séu ósýnileg í námsefni en upplifun nemenda getur mótast af því hvort það endurspeglir hinsegin málefni á einhvern hátt. Í könnun meðal hinsegin ungmenna á Íslandi taldi aðeins rúmlega helmingur svarenda (53%) almennt námsefni eða kennslu sýna hinsegin menningu, fólki og viðburði í jákvæðu ljósi (Kosciw o.fl., 2020; Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson, 2020).

Fræðsla til starfsfólks virðist jafnframt vera af skorum skammti, en samkvæmt þátttakendum rannsóknarinnar var hún yfirleitt í formi eins fyrirlesturs á starfsdegi yfir allt skólaárið. Þeir sögðu að starfsfólk, líkt og nemendur, væri flest opið, móttækilegt og vildi standa sig vel. Þeir töldu til dæmis að enginn myndi taka því illa eða mótmæla ef orðfæri starfsfólks væri leiðrétt. Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger (væntanleg) komast að svipuðum niðurstöðum í sinni rannsókn þar sem skólastjórnendur eru allir jákvæðir í garð hinsegin fólks en skortir engu að síður tæki, tól og þekkingu til að skapa hinseginvænt umhverfi í skólum sínum. Rétt eins og í rannsókn þeirra kom fram í viðtölum þessarar rannsóknar að skólastarfsfólk ætti það til að forðast að taka innngildandi skref, þá aðallega vegna þess að það vildi ekki gera mistök, væri hrætt við að móðga eða teldi sig ekki hafa næga vitneskju um hinsegin málefni til þess að innleiða þau í kennslu. Vegna þekkingarleysis gerði það sér væntanlega ekki grein fyrir þeirri vanlíðan, sem það gæti valdið nemendum sínum með útilokun og ósýnileika. Jafnframt má færa rök fyrir því að þegar slíku þekkingarleysi er viðhaldið eða látið óatalið þá geti það talist ein birtingarmynd andstöðu við hinsegin inngildingu innan skólans. Þannig geti fólk gerst sekt um ákveðna jaðarsetningu þó það sé ekki endilega ætlunin, eins og Gréta vakti athygli á:

En svo veit það líka kannski takmarkað um hinsegin málefni og áttar sig ekki á því að það sé að vera fordómafullt. Og hérna af því þau skilja ekki að þau valdi öðru fólki einhvers konar sársauka eða ýta þeim út á jaðarinn ... í rauninni séu bara að líta framhjá þeim og fólk upplifir sig hundsáð. Þau tengja ekki alla leiðina þangað (Gréta, kennari/leiðbeinandi í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Miðað við hversu lítil fræðsla til starfsfólks er kom ekki á óvart að viðmælendur virtust flest sammála um að kennarar væru ýmist óöruggir varðandi hinsegin málefni, væru þegar að brenna út af yfirvinnu eða vildu ekki gera breytingar á eigin námsáætlunum. Jóna sagðist reglulega minna kennara á þá fjölbreyttu möguleika sem hægt væri að nýta í námi nemenda. Kennarar tækju almennt vel í hugmyndirnar en síðan breyttist ekkert:

Svo bara kemur ekkert meir ... ég átta mig alveg á því að það er brjáláð að gera hjá kennurum, bara eins og öllum í vinnandi samfélagi. ... en líka alveg einhverjir nenna því ekki. Þau eru bara með sitt plan og þau ætla ekkert að fara af þessu plani. Svo eru einhver sem gleyma því en síðan er það líka það að fólk er óöruggt í þessu. Þannig að fólki finnst þetta alveg flókið og erfitt og ... skilur ekki og veit ekki og allt svona. Og þannig að þau kannski þora ekkert að fara af stað með eitthvað sem að þau eru ekki hundrað prósent örugg með (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Þessi athugasemd Jónu rímar við þá tilfinningu viðmælenda að hinsegin fræðslan falli á herðar ákveðinna einstaklinga á meðan samkennarar þeirra beiti sér lítið sem ekkert í hinsegin málefnum innan skólanna. Viðmælendurnir, sem öll sinna hinsegin fræðslu, upplifa sig því ein á báti. Þau myndu gjarnan vilja að fleiri tækju skrefið með þeim og deildu ábyrgðinni á því að viðhalda sýnileikanum og inngildingunni í öllu skólastarfi, eins og Jóna sagði:

[Þau] reiða sig svolítið á það að við hin sjáum um það og það er alveg eins í þessum skóla og í öðrum skólum (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Ummæli Jónu eru áhugaverð þar sem flestir grunnskólar hafa innleitt eða eru að innleiða starfshætti teymiskennslu. Samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2021) fer fram teymiskennsla þegar „[t]veir eða fleiri kennarar eru samábyrgir fyrir einum árgangi, aldursblönduðum hópi, námsgrein eða námsgreinum. Kennarar undirbúa sig saman, kenna einnig að einhverju marki saman og vinna saman að mati á námi og kennslu“ (bls. 2). Því telst áhugavert að kennarar firra sig ábyrgð á inngildingunni hinsegin málefna í skólastarfi og að fræðslan falli í hendur örfárara sem vilja innilega sinna henni. Það hvernig kennarar sinna hlutverki sínu er í senn birtingarmynd á fagmennsku og starfskenningu þeirra og það hversu algengt er að kennarar firri sig ábyrgð bendir til þess að víða sé pottur brotinn í hinsegin inngildingunni í skólunum. Jafnframt bendir það til þess að sú venja að setja ábyrgðina á hinsegin

málum á herðar einnar manneskju sé önnur birtingarmynd kerfislægrar andstöðu gegn hinsegin inngildingu.

Kennurum ber skylda að taka mið af margbreytileika nemenda í námi og kennslu samkvæmt siðareglum kennara og nýjum hæfniramma um fagmennsku kennara (Kennarasamband Íslands, e.d.). Hluti af fagmennsku kennara er að ígrunda starfið reglulega, afla sér nýrrar þekkingar og leitast við að gera betur (Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir, 2016). Ef starfandi kennarar í skólum forðast að fræðast um hinsegin málefni og afla sér nýrrar þekkingar eru þeir ekki að sinna hlutverki sínu með réttu eða af fagmennsku. Svo virðist sem staða hinsegin fræðslu sé nokkuð veik og þátttakendur eru allir sammála um að hún sé ómarkviss. Það er oftast undir einstaka kennurum komið að stíga inn í leiðtogahlutverk í þessum málaflokki á meðan aðrir geta fríað sig ábyrgð.

Pema 2 – Hvíti gagnkynhneigði karlmaðurinn er aftur orðinn málið: Neikvæð orðræða meðal strákahópa

Þegar viðmælendur voru beðin um að segja frá skólabrag með tilliti til hinsegin málefna fór þó ekki á milli mála að misstórir hópar nemenda reynast halda uppi neikvæðri orðræðu um hinsegin samfélagið, þrátt fyrir jákvætt viðhorf meginþorra starfsfólks og nemenda. Viðmælendur nefndu að orðræðan beindist aðallega gegn samkynhneigðum körlum með því sem þau kölluðu „faggatal“, gagnvart intersex fólki og trans fólki, þar með töldu kynsegin fólki. Einnig sögðu viðmælendur að nemendur ættu það til að setja sig upp á móti hinsegin fræðslu, létu í ljós forhertar skoðanir og leituðu að og héldu sig við upplýsingar sem staðfestu þær. Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsókni Írisar Bjarkar Eysteinsdóttur og Írisar Ellenberger (væntanleg). Eins og sjá má af orðalagi viðmælenda töldu þau að slíkar skoðanir og niðrandi tal væri algengara nú en það hefði verið áður:

Og það er komið faggaumræðan, og það er komið ... ég hef heyrt faggi, ég hef heyrt helvítis faggi, ég hef heyrt helvítis hommi, ég hef heyrt hommaógeð, bara orð sem ég hef ekki heyrt í bara langan tíma (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Eva sagði að þetta væri gengið það langt að þetta væri orðið tískufyrirbrigði:

Það var búið að vera endalaust þetta faggatal þarna í bekknum. Orðið faggi er bara komið í tísku í bekknum hjá mér. Þeir kalla hver annan fagga endalaust (Eva, kennari/leiðbeinandi á unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Þessi aukna niðrandi notkun á orðunum hommi og faggi eru því dæmi um áhrif bakslagsins á aukna hinsegin andúð innan skólanna. Aðspurð um hvaðan þau héldu að þetta orðfæri kæmi nefndu flest samfélagsmiðlanotkun sem a.m.k. eina skýringu, sérstaklega TikTok-miðilinn þar sem hatursorðræða og áróður gegn hinsegin fólki grasserar. Þar dreifa notendur meðal annars á milli sín áskorunum um að gelta á hinsegin fólk eða beita öðrum leiðum til að afmennska hópinn. Ungmennin hermi eftir og dreifi áfram.

Þetta eru nemendur á yngsta stigi og finn ég að þeirra hinseginvitund kemur af samfélagsmiðlum (Youtube/TikTok). Það sem þar kemur fram er þeirra sýn á hinseginleika og er ég í því að leiðrétta það rugl. Tala fallega um hinsegin fólk og minni á fegurðina í fjölbreytileikanum (kona, kennari/leiðbeinandi á yngsta stigi grunnskóla á Suðurnesjum, 30–50 ára, þátttakandi númer 30).

Hér nefnir þátttakandi númer 30 að birtingarmynd hinseginleikans á netinu sé bjöguð og máli alls ekki raunhæfa mynd af hinseginleikanum en rúmlega 42% hinsegin fólks á aldrinum 15–30 ára hafa verið útsett fyrir hatursáróðri á netinu vegna hinseginleika (Ştefăniță og Buf, 2021). Þegar nemendur tjá sig á neikvæðan hátt reyna margir þátttakendur að leiðrétta þeirra hugmyndir, t.d. lýsir þátttakandi númer 34 því svo:

Já, nemendur hafa meira tekið mark á alls konar samfélagsmiðlum heldur en okkur fullorðna fólkinu. Það er orðið „inn“ að vera á móti hommum og lesbíum, einhvern veginn finnst mér eins og hvíti gagnkynhneigði sterki karlmaðurinn sé aftur orðinn málið – þar sem ofbeldi gegn konum og samkynhneigðum er töff. Ég mótmælti að sjálfsgöðu þessum umræðum nemenda og reyndi að fá þá til að íhuga hvað þau væru í raun og veru að segja (kennari/leiðbeinandi á unglingastigi grunnskóla á Norðurlandi, 30–50 ára, þátttakandi númer 34).

Meðal strákanna eru neikvæð ummæli sérstaklega tengd samkynhneigð. Í samræmi við svör þátttakanda númer 34 virðast strákarnir halda í sína gagnkynhneigðarhyggju og hugmyndir um hefðbundin kynhlutverk. Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir (2011) hafa rannsakað hvernig kynjakerfið mótar okkar sjálfsmynd og viðhorf. Þær veita því athygli að í kynjakerfinu ríkir sterk tvíhyggja þar sem karlar eru yfirskipaðir en konur undirskipaðar. Við það verður til mikil pressa á karla og stráka að forðast allt sem þykir kvenlegt til að passa inn í þá ramma sem kynjakerfið viðheldur og halda stöðu sinni sem valdameiri hópurninn. Samkvæmt Gerði og Guðnýju eiga drengir sem stíga út fyrir þennan ramma á hættu að verða útskúfaðir, kvengerðir og gagnkynhneigð þeirra dregin í efa. Það virðist því vera varasamara fyrir drengi en stúlkur að færa sig út fyrir kynjamörkin.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018) ræða þessi kynhlutverk og áhrif þeirra innan skólamenningar í grein sinni um kynferðiseinelti. Það á rætur sínar að rekja til staðalímynda um kynhlutverk en innan skólanna byggist það jafnframt á því kynjaða valdamisræmi sem þar ríkir. Kynferðiseinelti beinist að kyni, kyngervi og kynvitund (e. gender identity). Þá er átt við orðræðu eða hegðun sem viðheldur kynjamisrétti og fordómum og reynir að fella þolendur að ráðandi kynhlutverkum. Kynferðiseinelti getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og átt sér stað á netinu. Eva ræddi sérstaklega neteinelti gegn hinsegin börnum en hún taldi að ungmenni væru að mana hvert annað upp í slíkt, og vísaði í umfjöllun Kastljóss (Sigríður Dögg Auðunsdóttir og Róbert Jóhannsson, 2022 um aukna hatursorðræðu ungmenna og skilaboð sem jafnaldrar sendu til hinsegin skólafélaga:

Svo eru þessir krakkar einmitt í þessum skilaboðum að nota þetta „ógeðslegi faggin þinn, hommi, þú ert bara ógeðslegur nauðgari“ og bara viðbjóðsleg orð og bara ítreka að segja barninu bara að taka sitt eigið líf. Bara „dreptu þig, af hverju skýturðu þig ekki bara í hausinn ógeðið þitt?“ Þetta er augljóslega hópur sem er að mana hver annan upp í þessu og svo kemur eitt barn sem einmitt er bara rosalega óöruggt í þessu. Reynir að finna eitthvað til að segja og kemur bara með ógeðslegustu orðin (Eva, kennari/leiðbeinandi á unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Evu þótti erfitt að horfa upp á nemendur sína nota svipaða orðræðu og tók umfjöllunina til umræðu með sínum nemendum í þeirri von að ungmennin skildu að hatursorðræða skapar vanlíðan hjá öðrum. Erlendar rannsóknir benda til þess að netofbeldi og einelti valdi fjölda óæskilegra sálrænna áhrifa. Það ýti meðal annars undir sektarkennd meðal hinsegin fórnarlamba sem skammist sín fyrir hinseginleika sinn og einangri sig félagslega til að draga úr tilvikum hatursorðræðu (Ştefăniţă og Buf, 2021).

Orðræðan meðal nemenda beinist mest að kynhneigð og kyntjáningu og samkvæmt Tótlu I. Sæmundsdóttur og Daníel E. Arnarssyni (2020) er algengt að nemendur setji út á skort á karlmennsku eða skort á kvenleika hjá nemendum. Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2018) benda jafnframt á að kynferðisleg áreitni og hómófóbía eru viðteknar og samþykktar innan skólanna svo starfsfólk grípur sjaldan eða aldrei inn í aðstæður. Innan skólanna ríkja viðmið og gildi um karlmennsku og kvenleika og kynferðiseinelti viðgengst innan þeirra.

Upplifanir viðmælanda eru í samræmi við þessar niðurstöður en samkvæmt svörum allra viðmælanda, óháð skólastigi, hafa þau einungis tekið eftir niðrandi athugasemdum meðal strákahópa. Svörin úr spurningakönnuninni hljómar á sama veg; flestir svarendur minnast á drengi sem halda uppi orðræðunni:

Ég hef unnið með börnum og unglingum í tæplega 10 ár. Niðrandi tal um homma er ansi lífseigt hjá nemendum í grunnskóla, alveg frá yngsta upp í unglingastig. Mér finnst þetta koma í bylgjum. Hjá ungum drengjum er stundum sagt „hva ertu hommi?“ eða „hann er að kalla þig konu“ sem er ömurlegt. Það er líka algengt í ákveðnu[m] hópum ungra drengja að tala illa um trans fólk og nota „ég skilgreini mig sem flugvél“ frasann. Þeir hafa oft miklar áhyggjur af því að einhver gæti haldið eða eitthvað gefi til kynna að þeir gætu verið hommar eða hinsegin. Enn þá litist það sem neikvæðan hlut (kennari/leiðbeinandi, þátttakandi númer 8).

Í tengslum við faggaorðræðuna taldi Jóna að nemendur væru að reyna að vera svalir. Hún blandaði sér eitt sinn í umræðuna, þegar strákar í unglingadeild voru að nota orðið „faggi“ við hver annan, en þá kom í ljós að þeir vissu í raun ekki hvað orðið þýddi:

Þá fóru hinir alveg bara í kerfi því þeir vissu heldur ekkert hvað þetta var, þeir vildu ekki viðurkenna það. Ég veit ekkert hvaðan þetta kemur, ég held þetta ... tilfinningin mín er svolítið að þetta séu bara þeir að reyna að vera cool (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Í grein Jóns Ingvars Kjara og Guðrúnar Kristinsdóttur (2015) mátti greina meðal samkynhneigðra stráka togstreitu milli ríkjandi karlmennsku og kynhneigðar þeirra. Til að tilheyrja hópnum þykir mikilvægt að sýna hollustu sína við ríkjandi karlmennskuviðmið og samræma hegðun sína og gjörðir við það sem taldist „raunveruleg“ karlmennska. Í kjölfarið „aðra“ (e. othering) þeir hópa sem samræma sig ekki við karlmennskuviðmiðin. Það er eins og Jóna sagði, strákarnir halda að þetta sé eitthvað svalt og nota það í þeim tilgangi að upphelja stöðu sína innan hópsins með því að niðurlægja hóp sem þeir telja ögra þeirra hugmyndum um karlmennsku.

Niðurstöður rannsóknar Odenbring (2021) gáfu einnig til kynna að skólaumhverfið gæti stutt við ríkjandi kynjaviðmið og skapað andrúmsloft þar sem þöggun ríkti bæði meðal nemenda og starfsfólks. Hún nefndi einnig, líkt og Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir (2011), að strákar væru ólíklegri til að grípa inn í skaðlega orðræðu og ofbeldi gagnvart hinsegin ungmennum af ótta við að vera útskúfaðir úr hópnum og þykja ókarlmannlegir. Að sama skapi eru stúlkur líklegri til að verða fyrir kynferðislegri áreitni en drengir en það eru yfirleitt drengirnir á sama aldri sem áreita þær (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

Í skólum eru hinsegin ungmenni útsett fyrir ofbeldi og áreitni og í niðurstöðum Tótlu I. Sæmundsdóttur og Daníels E. Arnarssonar (2020) segir meirihluti hinsegin nemenda að hæðandi athugasemdir í garð hinseginleikans „tröllríði skólasamféluginu“ (bls. 13), sem leiðir til þess að þau upplifa skólaumhverfið sem fjandsamlegt. Ekki síst vegna þess að aðgerðaleyfi starfsfólks sendi þau skilaboð að niðrandi ummæli séu umborin í skólanum. Þau sem verða fyrir einelti sem beinist að kyni, kynhneigð eða kynvitund eru líklegri til að upplifa skólann sem óöruggt umhverfi sem ýtir undir vanlíðan, verri námsárangur og getur aukið líkur á brottfalli úr skóla (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

Þema 3 – Ótti við viðbrögð foreldra: Hinsegin fræðslan orðin kvíðavaldandi

Eitt af því sem viðmælendur nefndu gjarnan varðandi samskipti við foreldra nemenda var að þeir væru í auknum mæli andvígir hinsegin fræðslu og sæktu margir rök sín til áróðurs gegn félagslegu kyni sem byggja á sýshyggju og gagnkynhneigð sem normi. Í bæði spurningakönnuninni og í viðtölum var spurt sérstaklega um hvort þátttakendur hefðu orðið varir við hinsegin andúð af hálfu foreldra en meirihluti svaraði ýmist neitandi, átti ekki í samskiptum við foreldra (nemendur yfir 18 ára aldri á framhaldsskólastigi) eða í tilfelli spurningakönnunarinnar skiluðu auðu. Níu þátttakendur tóku dæmi um hinsegin andúð foreldra sem þeir upplifðu með beinum hætti. Aðrir sjö þátttakendur sögðust ekki upplifa andúðina beint frá foreldrum en töldu neikvæð viðhorf nemenda endurspegla umræðuna heima fyrir og tóku dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda eða annarra kennara af foreldrum í kringum sig:

Einn nemandi segist vera í „gay bekk“ þar sem í bekknum hans eru [nokkrir hinsegin nemendur]. Hann vill skipta um bekk vegna þess að honum „líður illa í svona gay bekk“ og mamma hans styður hann heilshugar í þessu. Einnig talar hann opinskátt á fordómafullan hátt í kringum hinsegin unglingana. Mamma hans hyggst mæta með lögfræðing í skólann sem mun tala fyrir málfrelsi drengsins. Sama móðir hefur aukið fordóma sína eftir kynfræðslumúgæsinginn undanfarið (kona, kennari/leiðbeinandi á unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, þátttakandi númer 16).

Samstarf milli heimila og skóla er ein forsenda fyrir velferð barnsins í skólanum og því er lögð áhersla á þátttöku foreldra í námi barna sinna (Adelabu og Mncube, 2023; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Með aukinni foreldraþátttöku eykst ábyrgð þeirra á námi barnanna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) en skólar þurfa jafnframt að takast á við kröfur foreldra í tengslum við nám þeirra. Samkvæmt Duman o.fl. (2018) þurfa grunnskólar nú að takast á við þá áskorun að fara eftir óskum foreldra um menntun nemenda en fylgja um leið reglugerðum ríkisins um menntun. Þótt margt sé jákvætt í auknu samstarfi heimila og skóla má segja að glíma skóla við andstöðu foreldra við umfjöllun um málefni á borð við hinsegin tilvist og réttindi sé ein neikvæð afleiðing þessarar kröfu.

Viðmælendur sögðu frá því að foreldrar settu sig í auknum mæli upp á móti hinsegin fræðslu. Þeir fullyrtu um hvað færi fram í henni, drægju ályktanir og mynduðu sér skoðanir út frá þeim. Neikvæð viðbrögð foreldra hafa ómað víðs vegar um heiminn en eitt af mörgum skotmörkum hreyfinga gegn félagslegu kyni eru opinberar skólastofnanir og menntakerfið. Aðförin gegn menntakerfinu er alþjóðleg og orðræða hreyfingarinnar hljómar á þann veg að kynjafræðin (e. gender theory) hafi smeygt sér inn í skóla til að heilapvo nemendur með samkynhneigðum áróðri og hugmyndafræði femínismans. Í stuttu máli eru skólar ásakaðir um að „gera nemendur hinsegin“ (Lopes Gomes Pinto Ferreira, 2021). Um alla Evrópu hafa foreldrahópar tekið sig saman og mótmælt fræðslunni undir því yfirskini að verið sé að brjóta á börnunum og svipta þau menntun í samræmi við trúarlegar og heimspekilegar skoðanir þeirra (Kuhar og Zobec, 2017). Slíkt fordæmi má finna á Íslandi þegar rúmlega 20 foreldrar tóku sig saman og fóru í mál við Menntamálastofnun vegna útgáfu kynfræðslubókarinnar *Kyn, kynlíf og allt hitt*, og sögðu að kynlífi væri haldið að börnunum og þeim kennt hvernig á að stunda það (Jón Þór Stefánsson, 2023).

Samkvæmt þátttakendum rannsóknarinnar setja sumir foreldrar sig markvisst upp á móti hinsegin fræðslu en þau hafa ekki fengið nein neikvæð ummæli um aðra fræðslu sem fer fram í skólanum. Sumir foreldrar hafa jafnvel óskað eftir að þeir séu látnir vita ef hinsegin fræðsla á að fara fram svo barnið geti fengið leyfi meðan á henni stendur, líkt og Eva greindi frá:

Hann sagði „ég vil ekki að hann mæti í skólann þegar þið eruð með svona kennslu“ og bara „ég vil fá að vita þegar svona verður og bara af því að hann mun ekki sitja svona aftur“ (Eva, kennari/ leiðbeinandi á unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Í niðurstöðum Whitten og Thomas (2023) er fjallað um afskipti foreldra af námi barna sinna í Bandaríkjunum og vakin athygli á að innleiðing stefnu gegn hinsegin málefnum (e. anti-queer policies) sé rökstudd á þann veg að verið sé að verja réttindi (gagnkynhneigðra) foreldra. Slík forgangsöröðun innan menntastefnunnar leiðir af sér að siskynja og gagnkynhneigðar fjölskyldur (fjölskyldur sem uppfylla gagnkynhneigð viðmið) eru þær einu sem skipta máli og veltur fræðslan til nemenda á þeirra viðhorfum til kyns og kynhneigðar. Hér má sjá skýrt dæmi um aukna jaðarsetningu hinsegin fólks en í því felst einnig að gert sé lítið úr sérþekkingu kennara og þeim sem reka menntakerfið. Slík löggjöf myndar einhliða frásögn og viðheldur hugmyndum samfélagsins um hefðbundna gagnkynhneigða fjölskyldu.

Í grein Kuhar og Zobec (2017) eru nefndar þrjár tegundir andspyrnu gegn kynjafræðslu af einhverju tagi: 1. Almenn mótmæli gegn kynfræðslu, 2. Fordæming á kennslubókum sem stuðla að kynjahugmyndafræði og 3. Skipulögð fjöldamótmæli til að halda börnum heima frá skólum til að koma í veg fyrir að þau fái hinsegin fræðslu. Víðs vegar í Evrópu má sjá birtingarmyndir

Þessarar þrenns konar andspyrnu og Ísland er engin undantekning. Miðað við svörun þátttakenda eru foreldrar nú þegar að halda börnum sínum frá skóla, mótmæla fræðslunni, andmæla námsefni og efnt hefur verið til mótmæla á Austurvelli gegn kynfræðslu og hinsegin fræðslu í skólum (Mist Þ. Grönvold, 2023). Einnig voru mótmæli 21. október 2023 gegn kynfræðslu í grunnskólum en þá var því haldið fram að verið væri að rugla í börnum með því að fræða þau um tilvist trans fólks. Einnig voru útbúin skilti sem á stóð „klámið burt og „látið börnin okkar í friði“ (Erla Hlynsdóttir, 2023).

Þátttakendur í rannsókninni töldu að efla þyrfti fræðslu til að vinna gegn andspyrnu foreldra. Þeir minntust einnig á mikilvægi stuðnings frá skólastjórnendum en meirihluti þátttakenda upplifir stuðning og samstöðu frá yfirmönnum. Þátttakandi númer 19 nefndi einmitt þennan stuðning sem lykilatriði í að bregðast við afskiptum foreldra:

Foreldrar hafa krafist þess að nemendur sitji ekki fræðslur. Foreldrar hafa einnig sakað mig um misgjörðir og að kenna „óviðeigandi efni“ þegar um eðlilega hinsegin og kynfræðslu er um að ræða. Foreldrar hafa talað um að gengið sé of langt þegar frætt er um tvíkynhneigð, skilgreininguna. Mín viðbrögð hafa verið að svara þessum tilteknu foreldrum á faglegan hátt og senda þau til skólastjórnenda. Skólastjórnendur hafa staðið við bakið á mér í þessum tilfellum (kona, kennari/leiðbeinandi á miðstigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, 30–50 ára, þátttakandi númer 19).

Þessi orð sýna hvað stjórnendur geta verið mikilvægur hlekkur í baráttunni. Eva nefndi líka stuðning stjórnenda og hvað það skipti hana miklu máli að þau væru á sömu blaðsíðu og hún gagnvart hinsegin fræðslunni. Stuðningur stjórnenda hefur reynst vega upp á móti neikvæðum áhrifum af íþyngjandi vinnuálagi og streitu. Fyrri rannsóknir hafa bent á stuðning stjórnenda sem forvörn gegn brottfalli kennara og áhrifaþátt á ánægju starfsfólks (Cancio o.fl., 2013). Segja má að án stuðnings stjórnenda myndu þátttakendur upplifa aukið álag og mögulega upplifa sig eina í að reyna að viðhalda hinsegin fræðslunni og skipa henni sess í námi nemenda. Að upplifa sig ekki einan getur skipt sköpum og Eva nefndi að í sambandi við samskipti við eitt foreldri hefðu bæði skólastjórnendur og teymisfélagar staðið við bakið á henni:

Ég er bara ótrúlega fegin að þær í teyminu eru bara algjörlega á sömu blaðsíðu og ég með þetta. Ég ætla ekki að láta þetta foreldri stjórna hvernig ég kenni því þetta fléttast inn í allt hjá mér. Ég gríp öll tækifæri sem ég get af því ég ætla ekki að láta neitt svona slæða ef ég heyri hatusorðræðu eða einhver spyr spurninga í tengslum við þetta (Eva, kennari/leiðbeinandi á unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Í viðtölunum kom fram aukinn kvíði gagnvart hinsegin fræðslunni sem hafði ekki verið áður. Jóna, sem er sjóúð í hinsegin málefnum, nefndi að hún upplifði í fyrsta sinn kvíða gagnvart fræðslunni:

Og ég er í fyrsta sinn núna ... að tilkynna skólastjórnendum „heyrdur ég ætla að fara að vera með fræðslu, ef þið fáið póst“. Ég er bara hrædd við viðbrögð ekki bara foreldra heldur bara aðstandendur þessara barna. Og ég finn alveg núna í fyrsta sinn að ég er þínu stressuð að vera með hinsegin fræðslu (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Kvíðinn í kringum fræðsluna virðist ekki eingöngu stafa af ótta við viðbrögð foreldra heldur að þurfa að svara fyrir fræðsluna ef stjórnendur fengju spurningar um hana. Flestir viðmælendur lögðu áherslu á vilja skólastjórnenda til að standa alltaf með kennurum sínum en þau vildu líka getað svarað erindum foreldra af öryggi og staðfestu. Jóna tók fram:

Ég er að fara að vera með fræðslu í 5. bekk á morgun. [Skólastjórinn] ætlar að sitja hana. Til þess að geta svarað fyrir hana ef eitthvað kemur inn. Ef eitthvað kemur inn ... þú veist til hans (Jóna, kennari/leiðbeinandi á miðstigi og unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu).

Hinsegin fræðslan í þessu tilviki er orðin svo eldfim að Jóna óskar eftir því að skólastjóri sitji fræðsluna, þá aðallega til að geta átt andsvar við athugasemdum foreldra. Hér má greina sterka samstöðu þar sem skólastjórnandi stendur við bakið á Jónu en það vekur athygli að Jóna telur nú fyrst þörf á að skólastjóri sé viðstaddur því hún býst við neikvæðum viðbrögðum foreldra.

Ályktanir

Niðurstöður greiningarinnar hafa hér að framan verið settar fram í þessum þremur þemum: (1) *Fólk upplifir sig hundsáð: Skortur á hinsegin námsefni og markvissri fræðslu*, (2) *Hvítu gagnkynhneigði karlmaðurinn er aftur orðinn málið: Neikvæð orðræða meðal strákahópa* og (3) *Ótti við viðbrögð foreldra: Hinsegin fræðsla er orðin kvíðavaldandi*.

Í tengslum við námsefni um hinseginleikann eru þátttakendur sammála um að þar sé ekki um auðugan garð að gresja. Því getur verið erfitt fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í hinseginfræðslu að vita hvert á að leita. Til er efni á netinu en alls ekki tryggt að öllum sé kunnugt um það. Ef námsefni er ekki aðgengilegt getur það leitt til þess að málefnum hinsegin fólks sé ýtt til hliðar eða þau gleymist í daglegu amstri. Ósýnileiki og þöggun gagnvart hinsegin málefnum geta síðan leitt af sér neikvæða upplifun hinsegin nemenda af skólakerfinu almennt.

Fræðsla um hinsegin málefni til bæði nemenda og starfsfólks er sjaldgæf að mati þátttakenda og fellur því í hendur örfárra kennara sem hafa áhuga á og kynna sér málefni hinsegin fólks markvisst. Þátttakendur upplifa sig eina á báti varðandi inngildingu hinsegin fólks í námsefni og í fræðslunni almennt. Meirihluti þátttakenda segir samstarfsfólk mjög opið og tilbúið í umræðuna en minna er um framkvæmdir. Fáfræði hjá einstaka starfsmönnum hefur gert vart við sig en það er yfirleitt hægt að leysa með samræðum. Það kemur þó skýrt fram að þátttakendur telja að aðrir þurfi einnig að grípa keflið og taka þátt í starfinu með þeim til að koma í veg fyrir aukið álag í þegar krefjandi starfi. Jafnframt að skólastjórnendur eru lykilþáttur í stuðningi við starfsfólk og inngildingu hinseginleikans í skólaumhverfinu.

Miðlægt í frásögnum þátttakenda um viðhorf nemenda til hinsegin málefna má greina sterka tilhneigingu nemenda, þá sérstaklega stráka, til að taka upp niðurlægjandi orðræðu í garð hinsegin fólks. Strákarnir taka þátt í „faggatali“ og beina orðum sínum sérstaklega að samkynhneigðum strákum og trans nemendum. Það virðist sem svo að strákar viðhaldi með þessum hugmyndum ríkjandi karlmennsku sem feli í sér ákveðna sýn á hvað teljist karlmannlegt en hinseginleiki fellur ekki þar undir. Viðmælendur rannsóknarinnar telja þessa birtingarmynd hinsegin andúðar hafa aukist undanfarið.

Þá eru dæmi um að foreldrar setji sig upp á móti hinsegin fræðslu (einnig kynfræðslu) og vilji jafnvel ekki að börnin sín sitji þá tíma. Þetta beinist einkum gegn fræðslu um málefni trans fólks. Í samræmi við aukið samstarf milli heimila og skóla og þátttöku foreldra í skólastarfi barna ætti ekki að koma á óvart að foreldrar skipti sér af námi barna sinna, en þau afskipti beinast þó fyrst og fremst að hinsegin fræðslu og kynfræðslu að mati þátttakenda rannsóknarinnar. Það liggur skýrt fyrir að þessi hópur foreldra sækir innblástur sinn til alþjóðlegrar orðræðu gegn félagslegu kyni. Vegna neikvæðra viðbragða foreldra hefur hinsegin fræðslan orðið eldfimt umræðuefni og þátttakendur upplifa í fyrsta sinn kvíða í kringum fræðsluna, þó mismikinn.

Af niðurstöðum okkar er þó ljóst að þörf er á kerfislægum breytingum, en umfangsmikill stuðningur frá skólastjórnendum og menntayfirvöldum er lykilþáttur í slíkri innleiðingu (Tompkins o.fl., 2017). Það virðist ríkja sú hugmynd að skólastjórnendur og yfirvöld menntamála geti treyst á einstaka kennara til að sinna þessu á eigin spýtur. Stjórnendur þurfi því ekki að hafa frumkvæði að henni eða líta eftir með gæðum hennar eða dýpt. Þessar niðurstöður ríma við rannsókn Steck og Perry (2017) um skilning skólastjórnenda á samþættingu hinsegin málefna í skólanámskrá en þeir benda á að skólastjórnendur vilji og sjái þörfina á samþættingu en lítið sé um efndir. Miðað við nýja íslenska rannsókn á viðhorfi skólastjórnenda á það sama við héraendis, ekki síst vegna þess að þeir koma ekki

auga á að vandinn er kerfislægur og/eða eiga engin ráð til að takast á við vandamálið á öðrum en einstaklingsforsendum (Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger, vantanleg). Skólastjórnendur eru því lykilgerendur í annaðhvort að viðhalda eða að ögra ríkjandi gagnkynhneigðum viðmiðum innan skólanna og spyrna á móti bakslagi úr röðum foreldra. Hér ber þó að taka fram að ábyrgðin á að byggja upp hinseginvæna skólamenningu liggur ekki einvörðungu hjá stjórnendum. Líkt og ritað hefur verið um kynjafnréttisfræðslu (Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011) á það sama við um hinsegin málefni; árangur mun ekki nást með einstaklingsfrumkvæði áhugasamra eingöngu heldur þurfa stofnanir, sveitarfélög og háskólar einnig að axla ábyrgð.

‘I’m not going to let this parent control how I teach’: The working environment of schools in the wake of the queer backlash

One of the pillars of education in Icelandic curricula is equality education, where students are to learn and take part in subjects concerning, for instance, race, gender, culture, disability, and LGBT+ matters. In recent years, there have been more instances of queer-related hate speech, bullying, harassment, and vandalism, even though Iceland has been regarded as a frontrunner in equality matters. Schools play an important role in educating children and young adolescents about equality. However, the queer backlash in society has, in one way or another, presented itself in the educational system. However, the impact of such a backlash has not been researched in terms of the faculty’s perceptions and experiences.

This study aimed to explore the experiences of school staff who provide queer education following a setback in the fight for the rights of queer people, which has been much debated. The research is qualitative, and data was collected through five individual interviews and the answers of 39 participants in a qualitative questionnaire. All participants work in primary or secondary schools and carry out queer education to some extent in their field of work—all interviewees of the study work in the greater capital area. The participants’ ideas about the backlash are explored. The data was analysed thematically. The analysis resulted in three themes: (1) People feel ignored: lack of queer study material and education, (2) The white heterosexual male is back: hostile rhetoric among the boys, (3) Fear of parental reaction: queer education has become anxiety-inducing. Results indicate that the backlash has shown itself within the walls of the schools. Firstly, when discussing study material, it became clear that there was little to no material available to the participants, resulting in them creating their own, piecing together bits from the internet and the occasional book. Instruction seems to be the responsibility of specific individuals only, which hampers professional work to a certain extent. The interviews revealed that the interviewees feel that people abdicate themselves from responsibility and expect others to see to it that the education is taken care of. So, it can be said that queer education is often ineffective and rare. The answers from the questionnaire and the interviews show an increase in derogatory rhetoric from students towards queer people, especially from boys. Branded as the ‘fag-rhetoric’ by participants and mainly directed at gay men, intersex, and trans people, it seems to be upheld by the students’ perception of heteronormative masculinity and femininity. About the anti-gender debate in society and the media, participants experience anxiety to a greater extent in relation to queer education because of the reactions of parents. Here, interviewees also mention that the support of school administrators is critical to them. The results of this study show the need for further intervention from both the government and school administrators to ensure that inclusion is guaranteed at all school levels.

Key words: queer education, compulsory schools, secondary schools, teachers, queer, working conditions

Um höfunda

Anna Mae Cathcart-Jones (annamaecj@gmail.com) lauk B.Ed.-prófi í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar árið 2022 og M.Ed.-prófi í kennslu samfélagsgreina vorið 2024. Hún starfar sem grunnskólakennari í Kópavogi.

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í menntavísindum árið 2021 og hefur kennt fög á borð við félagsfræði menntunar og fjölskyldna frá árinu 2018.

Íris Ellenberger (irisel@hi.is) er dósent í samfélagsgreinum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í sagnfræði árið 2013 og hefur kennt samfélagsgreinar og samfélagsgreinakennslu síðan 2019.

About the authors

Anna Mae Cathcart-Jones (annamaecj@gmail.com) completed a B.Ed. in social science teaching in Compulsory School in 2022 and a M.Ed. in teaching social sciences in the spring of 2024. She works as a primary school teacher in Kópavogur.

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) is an assistant professor of childhood, youth and education studies at the University of Iceland. She completed a Ph.D. in education sciences in 2021 and has taught subjects such as sociology of education and families since 2018.

Íris Ellenberger (irisel@hi.is) is an associate professor in social studies at the University of Iceland. She completed a Ph.D. in history in 2013 and has taught social studies and teaching since 2019.

Heimildir

- Adelabu, O. J. og Mncube, V. (2023). Narratives of parents' participation in their children's education. *South African Journal of Education*, 43(S2), s1–s8. <https://doi.org/10.15700/saje.v43ns2a2329>
- Berglind Gísladóttir, Bjarki Gronfeldt, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2018). *Psychological well-being of sexual minority young adults in Iceland: Assessing differences by sexual attraction and gender*. *Sex Roles*, 78, 822–832. <https://doi.org/10.1007/s11199-017-0847-7>
- Bjarki Sigurðsson. (2023, 10. september). *Samtökin 22 geti ekki mætt í hvaða skóla sem er*. Visír. <https://www.visir.is/g/20232460594d/sam-tokin-22-geti-ekki-maett-i-hvada-skola-sem-er>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Braun, V., Clarke, V., Boulton, E., Davey, L. og McEvoy, C. (2020). The online survey as a qualitative research tool. *International Journal of Social Research*, 24(6), 641–654. <https://doi.org/10.1080/13645579.2020.1805550>
- Cancio, E. J., Albrecht, S. F. og Johns, B. H. (2013). Defining administrative support and its relationship to the attrition of teachers of students with emotional and behavioral disorders. *Education and Treatment of Children*, 36(4), 71–94. <https://www.jstor.org/stable/42900227>
- Duman, J., Aydin, H. og Ozfidan, B. (2018). Parents' involvement in their children's education: The value of parental perceptions in public education. *The Qualitative Report*, 23(8), 1836–1860. <https://doi.org/10.46743/2160-3715/2018.3216>
- Engelbreten, E. L. (2022). Scientizing gender? An examination of anti-gender campaigns on social media, Norway. Í H. Eslen-Ziya og A. Giorgi (ritstjórar), *Populism and science in Europe: Palgrave studies in European political sociology* (bls. 185–206). Palgrave Macmillan. https://doi.org/10.1007/978-3-030-97535-7_9

- Equal Rights Coalition. (2022). *Research on and responses to contemporary anti-gender movements: Briefing note to the equal rights coalition conference, Buenos Aires, Argentina, 8–9 September 2022*. <https://equalrightscoalition.org/wp-content/uploads/2022/09/Anti-Gender-Background-Paper-ERC-Conference-Material-EN.pdf>
- Erla Hlynsdóttir. (2023, 6. nóvember). *Síðsannleikur og samsæri á Austurvelli – „Klámið burt“*. Heimildin. <https://heimildin.is/grein/19491/>
- Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir. (2016). „Þegar maður finnur að krökkunum líður vel og eru kátir í skólanum, þá er takmarkinu náð“: Um hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/04_ryn_arsrit_2016.pdf
- GATE. (2022). *Mapping anti-gender movements in the UK*. <https://gate.ngo/knowledge-portal/publication/mapping-anti-gender-movements-in-the-uk-report/>
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/001.pdf>
- Goldstein-Schultz, M. (2022). Teachers' experiences with LGBTQ+ issues in secondary schools: A mixed methods study. *Community Health Equity Research & Policy*, 42(2), 155–169. <https://doi.org/10.1177/0272684X20972651>
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2016). Kynjajafnrétti og kennaramenntun: Ákall kennaranema og um aukna fræðslu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/10_ryn_arsrit_2016.pdf
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.). *Síshyggja – transfóbía*. Otila.is. <https://otila.is/vidhorf/fordomar-og-jadarsetning/sishyggja-cis-sexism-transfobia/>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2021). „Það er alltaf þessi faglega samræða“: Innleiðing teymiskennslu í tólf grunnskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2021/rynd/01.pdf>
- Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger. (væntanleg). Staða hinsegin nemenda í grunnskólum Kópavogs: Viðhorf og ábyrgð skólastjórnenda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Jones, J. R. (2023). Instruction, identity, and inclusivity: What can teacher preparation programs learn from gay male teachers in the South? *Taboo*, 21(2), 22–37. <https://digitalscholarship.unlv.edu/taboo/vol22/iss1/4>
- Jón Ingvar Kjaran og Guðrún Kristinsdóttir. (2015). Schooling sexualities and gendered bodies. Experiences of LGBT students in Icelandic upper secondary schools. *International Journal of Inclusive Education*, 19(9), 978–993. <https://doi.org/10.1080/13603116.2015.1019375>
- Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu“: Eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/017.pdf>
- Jón Þór Stefánsson. (2023, 8. október). *Kærir kynfræðslubók fyrir hönd foreldra: „Á þetta erindi við börn, ef fullorðin fólk sættir sig ekki við þetta?“*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20232472644d/kaerir-kynfraedslubok-fyrir-hond-foreldra-a-thetta-erindi-vid-born-ef-fullordid-folk-saettir-sig-ekki-vid-thetta->
- Juárez-Chávez, E., Cooney, E. E., Hidalgo, A., Sánchez, J. og Poteat, T. (2021). Violence experiences in childhood and adolescence among gay men and transgender women living in Perú: A qualitative exploration. *Journal of Interpersonal Violence*, 36(9-10), 4235–4255. <https://doi.org/10.1177/0886260518787811>
- Kennarasamband Íslands. (e.d.). *Síðareglur KÍ*. Kennarasamband Íslands. <https://www.ki.is/um-ki/stefna-ki/sidareglur/>
- Kerr, M. A. og Schneider, B. H. (2008). Anger expression in children and adolescents: A review of the empirical literature. *Clinical Psychology Review*, 28(4), 559–577. <https://doi.org/10.1016/j.cpr.2007.08.001>
- Kosciw, J. G., Clark, C. M., Truong, N. L. og Zongrone, A. D. (2020). *The 2019 National school climate survey: The experiences of lesbian, gay, bisexual, transgender, and queer youth in our nation's schools*. GLSEN. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED608534.pdf>
- Kristinn H. Guðnason. (2024, 2. ágúst). *Andstaðingar transfólks hafa nýtt sér tækifærið þó Khelifsé ekki transkona – „Óhuggulegt er að fylgjast með fólki nýðast á þessari konu“*. DV. <https://www.dv.is/frettir/2024/08/02/andstaedingar-transfolks-hafi-nytt-ser-taekifaerid-tho-khelif-se-ekki-transkona-ohuggulegt-er-ad-fylgjast-med-folki-nidast-thessari-konu/>
- Kuhar, R. og Zobec, A. (2017). The Anti-Gender Movement in Europe and the Educational Process in Public Schools. *Center for Educational Policy Studies Journal*, 7(2), 29–46. <https://doi.org/10.26529/cepsj.168>

„Ég ætla ekki að láta þetta foreldri stjórna hvernig ég kenni“: Starfsaðstæður kennara sem sinna hinsegin fræðslu

- Lopes Gomes Pinto Ferreira, G. (2021). 'Once you say the word gender, people become afraid': The consequences of the gender backlash in education in Brasil. *International Journal for Crime, Justice and Social Democracy*, 10(4), 223–238. <https://doi.org/10.5204/ijcsd.2074>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
- McEwen, H. og Narayanaswamy, L. (2023). *The international anti-gender movement: Understanding the rise of anti-gender discourses in the context of development, human rights and social protection*. UNRISD. <https://www.ohchr.org/sites/default/files/documents/cfi-subm/2308/subm-colonialism-sexual-orientation-un-ios-unrisd-input-2.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*.
- Mist Þ. Grönvold. (2023, 12. september). „Fimmtán manns að rífa mig í sig“. Mbl.is. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/09/12/fimmtan_manns_ad_rifa_mig_i_sig/
- National Education Association. (e.d.). *What you need to know about Florida's „Don't say gay“ and „Don't say they“: Laws, book bans, and other curricula restrictions*. NEA. https://www.nea.org/sites/default/files/2023-06/30424-know-your-rights_web_v4.pdf
- Odenbring, Y. (2021). Trapped between: “Coming out” and forced to stay closeted. Bisexuality, secondary schooling and social justice. *Journal of Bisexuality*, 21(4), 446–464. <https://doi.org/10.1080/15299716.2021.1991544>
- Pina, D., Marín-Talón, M. C., López-López, R., Martínez-Sánchez, A., Cormos, L. S., Ruiz-Hernández, J. A., Abecia, B. og Martínez-Jarreta, B. (2021). Attitudes toward school violence against LGBTQIA+: A qualitative study. *International Journal of Environment Research and Public Health*, 18(21), 11389. <https://doi.org/10.3390/ijerph182111389>
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2018). Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenskri skólamenningu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(1), 43–64. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2018.27.3>
- Rannveig Sigurvinsdóttir, Berglind Gísladóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2024). Sexual attraction and non-suicidal self-harm: The role of stressors and psychological mediators. *Archives of Sexual Behavior*, 53, 1293–1306. <https://doi.org/10.1007/s10508-023-02792-3>
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Regnbogavottun Reykjavíkur*. Reykjavík. <https://reykjavik.is/regnbogavottun-reykjavikur>
- Reykjavíkurborg. (2021). *Staða kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS: Skýrsla og tillögur starfshóps*. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/skyrsla_starfshops_kynja_hinseginfraedsla_2021.pdf
- Samtökin '78. (e.d.). *Hinsegin vottun*. www.samtokin78.is. <https://samtokin78.is/starfsemin/hinseginvottun/>
- Sólveig Rós Másdóttir. (2015). *Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla*. https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/nyskopunarsjodsverkefni_solveig_ros_2015_2.pdf
- Steck, A. og Perry, D. (2017). Secondary school leader perceptions about the inclusion of queer materials in the school course curricula. *The Curriculum Journal*, 28(3), 327–348. <https://doi.org/10.1080/09585176.2017.1292180>
- Sigríður Dögg Auðunsdóttir og Róbert Jóhannson. (2022, 10. október). „Gerðu mér greiða faggaliús ... skjóttu þig“. *RÚV*. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-10-10-gerdu-mer-greida-faggalius-skjottu-thig>
- Ștefăniță, O. og Buf, D. M. (2021). Hate speech in social media and its effects on the LGBT community: A review of the current research. *Romanian Journal of Communication and Public Relations*, 23(1), 47–55. <https://doi.org/10.21018/rjcp.2021.1.322>
- Swanson, K. og Gettinger, M. (2016). Teachers' knowledge, attitudes, and supportive behaviors toward LGBT students: Relationship to gay-straight alliances, antibullying policy, and teacher training. *Journal of LGBT Youth*, 13(4), 326–351. <https://doi.org/10.1080/19361653.2016.1185765>
- Tompkins, J., Kearns, L. L. og Mitton-Kükner, J. (2017). Teacher candidates as LGBTQ and social justice advocates through curricular action. *McGill Journal of Education*, 52(3), 677–697. <https://doi.org/10.7202/1050909ar>
- Tómas Arnar Þorláksson. (2022, 9. ágúst). Allir regnbogafánarnir skornir niður að nóttu til. *Mbl.is*. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/08/09/allir_regnbogafanarnir_skornir_nidur_ad_nottu_til/

- Tótlá I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson. (2020). *Könnun á liðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi*. Samtökin '78. https://samtokin78.is/wp-content/uploads/2020/08/Skolakonnun_GLSEN_FINAL.pdf
- Wargo, J. M. og Smith, K. P. (2023). "So, you're not homophobic, just racist and hate gay Muslims?": Reading queer difference in young adult literature with LGBTQIA+ themes. *English Education*, 55(3), 155–180. <https://doi.org/10.58680/ee202332552>
- Whitten, C. og Thomas, C. (2023). Anti-queer policy & rural schools: A framework to analyze anti-queer policy implementation in rural schools. *The Rural Educator*, 44(2), 73–76. <https://doi.org/10.55533/2643-9662.1408>
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. (2023, 1. ágúst). Hvaða bakslag? Hinsegin dagar. <https://hinsegin dagar.is/hvada-bakslag/>
- Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/030.pdf>



Anna Mae Cathcart-Jones, Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger. (2025). „Ég ætla ekki að láta þetta foreldri stjórna hvernig ég kenni“: Starfsaðstæður kennara sem sinna hinsegin fræðslu Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/4>